

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. mars 2016

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999. Þingskjal 452 – 352. mál.

Athugasemdir ÖBÍ um frumvarpið í heild

Aðeins þeir sem eru mjög veikir geta í dag fengið að búa á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða, og er matið svo strangt að ólíklegt er að bæði hjón eða sambúðafólk fái það. Það felur í raun í sér að þegar annar aðilinn er orðinn það veikur að hann verður að flytja á stofnun, verður hann að slíta samvistum við maka sinn.

Mikilvægt er að réttur hjóna eða sambúðafólks sé tryggður sem vilja vera áfram samvistum sé öðru þeirra nauðsynlegt að dveljast á stofnun fyrir aldraða. Gæta verður þess að sama skapi að réttur þeirra sé tryggður sem óska þess ekki að búa saman á stofnun fyrir aldraða, að persónulegar óskir viðkomandi séu virtar.

Dæmi eru um að fólk er vistað á stofnun fyrir aldraða þrátt fyrir að hafa ekki náð 67 ára aldri, vegna þess að önnur úrræði eru ekki til staðar. Löggjafinn þarf að gæta þess að réttindi þeirra séu til jafns við þá sem náð hafa eftirlaunaaldri.

Reynslan

Í apríl 2013 var undirritað samkomulag um tilraunaverkefni til tveggja ára sem fól í sér að hjón gætu dvalið saman á Hrafnistu í Kópavogi þó svo að aðeins annað þeirra þyrfti að dveljast á hjúkrunarheimili af heilsufarsástæðum. Í greinargerð með frumvarpinu segir að í lokaskýrslu verkefnisstjóra og forstöðumanns á Hrafnistu komi fram að verkefnið hafi ekki gengið sem skyldi. Erfitt er að draga ályktun af þeirri niðurstöðu af þeim ástæðum að einungis tvö pör tóku þátt í verkefninu á mislöngum tíma, og ekki var leitað eftir álitum þeirra né annarra íbúa á því hvernig til tókst. Í verkefnum og áætlunum á vegum hins opinbera er brýnt að leitað sé álits þeirra sem nota þjónustuna á öllum stigum málsins. Ennfremur er eðlilegt að læra af reynslu

nágrannaþjóðanna, en í greinargerðinni segir að reynslan af álíka úrræðum í Skandinavíu sé almennt góð, þó að bent sé á vankanta sem sníða þarf af.

Víðar pottur brotinn

Rétt er að benda á að víðar þarf að gera breytingar á lögum og regluverki til að auka réttindi sjúklinga. Fólk þarf að flytja af heimili sínu, stundum tímabundið en til lengri tíma, á stofnun eða til annars sveitarfélags til að sækja endurhæfingu og þjálfun. Í dag getur maki þess einstaklings sem það á við ekki fengið greiðslu heimilisuppbótar, nema að um varanlega vistun á stofnun sé að ræða, vegna þess að hann er ekki einhleypingur í skilningi 8. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð. Í álitni Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6250/2010, segir:¹

Umboðsmaður taldi, m.a. í ljósi 65. og 76. gr. stjórnarskrár, ekki útilokað að um slíkan aðstöðumun væri ræða að stjórnvöld þyrftu skýra lagaheimild til að gera mun af þessu tagi með setningu stjórnvaldsfyrirmæla. Umboðsmaður kom því þeirri ábendingu á framfæri við velferðarráðuneytið að við yfirstandandi endurskoðun laga um almannatryggingar og félagslega aðstoð yrði hugað að ákvæði 8. gr. laga nr. 99/2007 með tilliti til afmörkunar á hugtakinu einhleypingur og að tekin yrði afstaða til þess hvort við endurskoðunarvinnuna ætti að huga að breytingu á ákvæði gildandi reglugerðar um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Ellen Calmon,
formaður ÖBÍ

¹ <http://www.umbodsmadur.is/ViewCase.aspx?Key=1546&skoda=mal>